

FJÁRMÁLATÍÐINDI

TÍMARIT UM EFNAHAGSMÁL

GEFID ÚT AF SEDLABANKA ÍSLANDS

RITSTJÓRAR: BIRGIR ÍSL. GUNNARSSON

STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON

SÍÐARA HEFTI 1998

Efnisyfirlit

- 83 Mikil útlánaaukning
Birgir Ísl. Gunnarsson
- 85 Um efni þessa heftis
Stefán Jóhann Stefánsson
- 87 Peningastefnan á Norðurlöndum:
Rammi, vísbendingar og stjórnæki
Arnór Sighvatsson og Már Guðmundsson
- 101 Sparnaður á Íslandi
Þórhildur Hansdóttir Jetzek
- 121 Fjármálastefna íslenskra stjórnvalda 1960-1998
Björn R. Guðmundsson og Gylfi Zoëga
- 136 Kynslóðareikningar fyrir Ísland 1994 til 1996
*Gylfi Magnússon, Haukur C. Benediktsson,
Marta G. Skúladóttir og Tryggvi Þór Herbertsson*
- 153 Mat á þjóðhagslegum áhrifum stóriðju á Íslandi 1966-1997
Páll Harðarson
- 168 Leikjafræði - leikur eða fræði?
Gylfi Magnússon
- 180 Hagstjórn og hagvaxtarhorfur við upphaf nýrrar aldar
Þorvaldur Gylfason

Umbrot: Seðlabanki Íslands
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja hf.
Bókband: Bókavirkid hf.

Mikil útlánaaukning

Í haustskýrslu Seðlabanka Íslands sem út kom í nóvember sl. lét bankinn í ljós áhyggjur sínar yfir þróun útlána að undanfögnu. Þegar þetta er ritað liggja ekki fyrir tölur lánakerfisins í heild lengra en til septemberloka 1998. Samkvæmt þeim höfðu útlán og innlend verðbréfaeign lánakerfisins vaxið á 12 mánuðum um 14,1%. Með lána-kerfi er átt við nánast allar stofnanir sem veita lán, t.d. banka, húsnæðiskerfið og lífeyrissjóði auk erlends lánsfjár. Aukning í bankakerfinu var 19,8%, í fjárfestingar-sjóðum atvinnuveganna (Fjárfestingar-banki atvinnulífsins meðtalinn) um 35,8%, hjá eignarleigum um 72,5% og hjá verðbréfasjóðum um 78,3%. Tölur sem síðan hafa borist benda ekki til að lát hafi orðið á útlánaaukningunni síðustu mánuði ársins. Bráðabirgðatölur um útlán innlánsstofnana á tólf mánuðum til loka janúar benda til að útlán og markaðsverðbréf hafi vaxið um 32,4% og þar af útlán um 30,4%. Stígandi í þessum tölum hélt því áfram. Athygli vekur hversu erlent lánsfé til endurlána jókst hratt en í lok janúar benda bráðabirgðatölur til að erlent lánsfé til endurlána hjá lánastofnunum hafi á síðustu tólf mánuðum aukist um 54% og hafi þá verið 84,6 milljarðar króna.

Lán til atvinnuvega hafa aukist mest enda hefur fjárfesting á þeim vettvangi vaxið hratt á allra síðustu árum. Lán til heimila

hafa einnig haldið áfram að vaxa. Þrátt fyrir mjög aukinn kaupmátt hafa heimilin haldið áfram að safna skuldum í stað þess að greiða þær niður. Bæjar- og sveitarfélög hafa einnig haldið áfram að safna skuldum.

Áhyggjur Seðlabankans af þessari þróun eru tvíþættar. Í fyrsta lagi ýtir mikil og langvarandi útlánaaukning undir vöxt innlendra eftirspurnar og stuðlar þannig að auknum viðskiptahalla. Hér á landi hefur það m.a. birst í miklum vexti neyslu samfara aukinni skuldsetningu. Í öðru lagi sýnir reynsla annarra þjóða að mikil áhætta getur fylgt mikilli útlánaþenslu ekki síst þegar hún verður í kjölfar aukins frelsis og vaxandi samkeppni á lánamarkaði. Þá er hætt á að lánastofnanir kunni að leiðast út í áhættusamari lánveitingar sem skila ekki tilskilinni ávöxtun þegar í bakseglin slær fyrir þjóðarbúið.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands gerði þessi aðvörunarorð haustskýrslunnar að til-efni funda með forsvarsmönnum helstu lánastofnana í lok nóvember og byrjun desember. Þar var farið yfir útlánaþróun í heild og hjá hverjum einstökum banka. Einnig var rætt um erlenda fjármögnun bankastofnana og varað við of mikilli notkun skammtímalánsfjár í því sambandi. Þessum fundum var síðan fylgt eftir með bréfum til þeirra stofnana sem áttu fulltrúa á fundunum.

Hvers vegna hefur þessi mikla útlána- aukning orðið á tiltölulega stuttum tíma? Aukin umsvif í atvinnulífi hafa leitt til meiri fjárfestingar. Aukinn kaupmáttur almennings hefur eft hjartsýni með fólki og leitt til aukinnar neyslu ekki síst í fjárfestingar- vörum heimila eins og bifreiðum og heim- ilistækjum. Skuldir heimila hafa vaxið eins og fyrr segir. Heildareftirspurn eftir lánum hefur því aukist stórlega. Aukið frjálsræði á peningamarkaði á einnig stóran þátt í út- lánaaukningunni. Fyrirtæki og bankar geta nú flutt fjármagn til landsins nær óheft þannig að nú er mun auðveldara að anna spurn eftir lánsfé en áður. Allur aðgangur að lánsfé er því mjög auðveldur og flestir eiga margra kosta vö. Hörð samkeppni rík- ir á markaðnum um þessa þjónustu.

Þó að alhæfingar séu alltaf varasamar er því ekki að neita að reynsla annarra

þjóða sýnir að það er einmitt við slíkar kringumstæður sem hættu getur verið á ferðum. Miklum útlánavexti fylgja gjarnan mikil töp í fyllingu tímans, sem hafa í för með sér miklar afskriftir lána í bankakerf- inu.

Það er auðvitað mjög mikilvægt að lána- stofnanir sýni árvekni bæði að því er varðar útlán og fjármögnun þeirra. Enginn vafi er á því að áhættustýring hefur tekið miklum framförum í bankakerfinu á undanförunum árum. Mikil útlánaaukning á síðustu mán- uðum gefur þó tilefni til að bankar og aðrar lánastofnanir fari rækilega yfir áhættu- stýringuna hver hjá sér og ekki er ólíklegt að eitt af fyrstu verkefnum hins nýja Fjármálaeftirlits, sem tók til starfa nú um síðastliðin áramót, verði að huga sérstak- lega að þessum þáttum.

B.Í.G.